

Nr. 063 / 15 Gestur SH 187***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 7456
Smíðaður: Hafnarfjörður 1997, plast
Stærð: 8,06 brl. 6,95 bt.
Mesta lengd: 9,21 m *Skráð lengd:* 9,01m
Breidd: 2,76 m *Dýpt:* 1,20 m
Vél: Yanmar 257 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Gestur©Fiskifrétir

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. júní 2015 var Gestur SH 187 staddur út af Svörtuloftum. Veður: NNV 5-7 m/s (*Gufuskálar*)

Báturinn varð vélarvana eftir að kælivatnsrör miðstöðvar á vélinni brotnaði. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Björg dró Gest til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að viðvörðun kom frá vélinni þegar kælivatnið fór af henni. Engin aðvörðun kom um austur þar sem sjálfvirk lensing var úr vélarúminu;
- að í kjölfarið fór frosttappi á þústgrein svo vélarúmið fylltist af gufu;
- að við skoðun kom í ljós að kælivatnsrörið hafði orðið fyrir höggi sem var orsökina fyrir því að það brotnaði.

Nefndarálit:

Orsök vélabilunarinnar var að kælivatnsrör brotnaði eftir að hafa orðið fyrir höggi og skemmst.